


Hlutfall karla án framhaldsskólamenntunar á aldrinum 25 til 34 ára er hærra hér á landi en á öðrum Norðurlöndum

Í ný útkominni skýrslu OECD um tölfræði menntunar *Education at a Glance 2018* kemur fram að hátt hlutfall karla á Íslandi eða 23,6% hefur ekki lokið námi á framhaldsskólastigi í samanburði við önnur lönd innan OECD. Þegar einungis lönd innan Evrópu eru skoðuð þá eru aðeins fjögur lönd þar sem hærra hlutfall karla en á Íslandi hefur ekki lokið námi í framhaldsskóla. Þetta eru Tyrkland, Spánn, Portúgal og Ítalía. Næst á eftir Íslandi koma Norðurlöndin Noregur (21,5%), Danmörk (20,5%) og Svíþjóð (19%). Finnland sker sig úr í þessum samanburði eitt Norðurlanda en þar er mun lægra hlutfall karla sem ekki hafa lokið framhaldsskólaprófi eða rúm 11%. Finnland raðar sér með löndum á borð við Írland, Austuríki, Litháen og Bretland.




Mynd 1 Hlutfall (%) 25 til 34 ára eftir kyni sem hafa ekki lokið framhaldsskólaprófi – Norðurlöndin.

Munur milli kynja er fjórði hæstur á Íslandi þegar borin er saman staðan í löndum Evrópu sem tölfræði OECD nær yfir. Á Íslandi er þessi munur um 9 prósentustig. Í Danmörku er munur milli kynja tæp 8 prósentustig, í Noregi 4,5 og Svíþjóð rúm 4. Minnstur munur milli menntunarstöðu kynja á Norðurlöndunum að þessu leyti finnst í Finnlandi eða rúm 3 prósentustig.

Jákvæð þróun – Munur á menntun 25-64 ára eftir kyni og svæðum hefur minnkað verulega á síðustu 15 árum

Þegar þróunin er skoðuð á Íslandi eftir svæðum og kyni kemur í ljós að hlutfall karla og kvenna sem ekki hafa lokið framhaldsskólaprófi hefur lækkað, samkvæmt gögnum Hagstofunnar.




Mynd 2 Hlutfall (%) 25-64 ára karla og kvenna á höfuðborgarsvæðinu og utan þess árin 2003 til 2017 sem ekki hafa lokið framhaldsskólaprófi.

Töluverður munur er þó enn á milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis. Langmesta breytingu er að finna meðal kvenna á landsbyggð en árið 2003 var hlutfall kvenna á landsbyggð sem ekki höfðu lokið framhaldsskólaprófi 56% en er í dag komið niður í 30% og er svipað og meðal karla á landsbyggð. Hlutfall kvenna á höfuðborgarsvæðinu sem ekki hafa lokið framhaldsskólaprófi hefur einnig lækkað um nær helming, úr 32% í 18%.

Breytingin mikil meðal 25-34 ára

Frekari greiningu á menntun eftir kyni og landssvæði fyrir 25-34 ára aldurshóp á Íslandi má sjá á mynd 3, sem byggir á gögnum Hagstofunnar.



Mynd 3 Hlutfall (%) 25-34 ára karla og kvenna á höfuðborgarsvæði og utan þess árin 2003 til 2017 sem ekki hafa lokið framhaldsskólaprófi.

Almennt hefur fækkað mjög fólki sem ekki hefur lokið framhaldsskólaprófi hér á landi, ekki síst í aldursflokki 25-34 ára. Í þessum aldurshópi er þó áfram talsverður munur milli höfuðborgarsvæðis og annarra landshluta.

Kynjamunur í þessum aldurshópi hefur aukist bæði á höfuðborgarsvæðinu og svæðum utan þess. Hann var aðeins 2 prósentustig utan höfuðborgarsvæðisins árið 2003, en er 13,6 prósentustig árið 2017. Á höfuðborgarsvæðinu var hann 4,5 prósentustig en er nú 7,3. Menntun kvenna hefur aukist meira en menntun karla. Yngri konur utan höfuðborgarsvæðisins hafa bætt menntun sína umfram karla.

Almennt hefur þeim fækkað til muna hér á landi, sem ekki hafa lokið framhaldsskólaprófi. Mest hefur breytingin orðið meðal kvenna á landsbyggðinni en minnst meðal karla þar. Mun fleiri konur en karlar hafa lokið framhaldsskólaprófi í aldurshópnum 25-34 ára.